

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp.

1. gr.

Eyja- og Miklaholtshreppi er heimilt að leggja á sérstakt seyrulosunar-, sorphirðu- og sorpeyðingargjald samanber samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Eyja- og Miklaholtshreppi. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald.

Árlegt gjald er kr. 82.373 á ári miðað við 2 tunnur á hvert hús.

3. gr.

Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa 4.000 l og minni er kr. 14.770 á ári á hverja rotþró og fyrir tæmingu rotþróa 4.001 l og stærri er kr. 24.691 á hverja rotþró.

4. gr.

Annað.

Árlegt gjald fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun uppfærast í janúar ár hvert og mun taka mið af vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (janúar 2024 = 605,8 stig).

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Eyja- og Miklaholtshreppi, 18. mars 2024.

Sigurbjörg Ottesen oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 30. apríl 2024